

Ed. 963. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

71. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. hljóði svo:

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánnum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

b. Aftan við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Innstæða á skyldusparnaðarreikningi sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.